

Níunda þing verkstjóra

NÍUNDA þing Verkstjórásambands Íslands var haldið að Laugarvatni, dagana 19. og 20. þ. m. Þingið sóttu 49 fulltrúar frá verkstjóraráfélögum sem í sambandinu eru, en þau eru 15 með samtals um 570 félagsmenn. — Fjöldi kvenna var þar einnig með eiginmönnum sínum, þannig að alls var þar samankomið 85 manns, á vegum sambandsins.

Verkstjórásambandið er opið öllum verkstjórum og verkstjórafélögum í hvaða starfsgrein sem er og hefur félagatala og skilningur verkstjóra fyrir samtökum sínum farið ört vaxandi, seinustu ár.

Sambandið gerir launa- og kjarasamninga fyrir félagsmenn sína og gætir hagsmuna þeirra, gagnvart vinnuveitendum. Eitt höfuð-viðfangsefni þess hefur verið og er fræðsla og menntun verkstjóra, til starfa sinna. Um áráðil hefur það haldið uppi og staðið fyrir námskeiðum í þessu skyni, með fjárhagslegum stuðningi vinnuveitenda, sem þar með hafa sýnt þessum málum fullan skilning og nú á seinustu árum

lagzt á eitt, með sambandinu, í sókn og undirbúningi að stofnun verkstjóraskóla. Er nú svo komið, að á síðasta alþingi voru samþykkt lög um stofnun hans.

Auk samþykkt á launa- og kjaramálum verkstjóra, var á þinginu, í sambandi við skipuð lagsmál, meðal annars samþykkt að gerast aðili að Stjórnunarfélagi Íslands. Þar með, að leitast við að auka möguleika félaga sambandsins á fræðslu í vísindalegum og hagnýtum leiðum til aukningar framleiðni og bættum vinnuháttum.

Stjórn sambandsins var öll endurkosin, en hana skipa:

Forseti: Guðlaugur Stefánsson, Rvk; varaforseti: Þórður Þórðarson, Hafnarfirði; ritari: Þórarinn G. Sigurjónsson, Rvk; gjaldkeri: Guðjón V. Þorsteins-son, Rvk; og meðstjórnendur. Adolf J. E. Petersen, Rvk; Jón G. Jónsson, Rvk; og Guðni Bjarnason, Keflavík.

Verkstjórásamband Íslands er ásamt Verkstjórásamböndum Norðurlanda, í nánum tengslum hvert við annað í Norðisk ar-beitsledare-union og á forseti Verkstjórásambandsins sæti í stjórn þeirra heildarsamtaka.

Hærrí laun fyrir kennara

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundi Fræðsluráðs Akraness 24. júlí síðastliðinn: „Eins og háttvirtri fræðslumálastjórn er kunnugt, er mjög miklum erfiðleikum bundið að fá ráðna vel menntaða og hæfa kennara í stöður við barna og gagnfræðaskóla.

Augljóst virðist að ýmsir góðir hæfileikamenn leiti frá kennslu til annara starfa, og virðist það einkum launakjör kennara, sem því valda, en segja má að hróplegt ósamræmi sé milli launa kennara og annarra stétta þjóðfélagsins, t. d. iðnaðarmanna.

Fræðsluráð Akraness telur, að til vandræða hafi horft um langt skeið af þessum sökum, og telur tíma til kominn að spyrnt sé við fótum, kjör kennara og annara skólamanna bætt að mun, svo að tryggt sé, að á hverjum tíma veljist sem hæfast starfslið til að vinna að uppeldismálum.

Fræðsluráð Akraness ályktar því að beina því til háttvirtra fræðslumálastjórna, að hún beiti sér fyrir, að launakjör og starfsskilyrði kennara verði stórlega bætt frá því sem nú er, og verið hefur um áráðil.“

„Víkingarnir voru ekki blóðþyrstir“

Tveir Íslendingar á víkingamóti

VÍKINGARNIR voru alls ekki grimmir, segir W. Douglas Simpson í viðtali við enskt blað í tilefni af 4. víkingamóti, sem haldið er þessa dagana í Jörvík á Englandi. Hann segir, að þótt þeir hafi verið harðsnúnir bardagamenn hafi



grimmð þeirra verið ýkt, ekki sízt í ýmsum Hollywood-kvikmyndum. Réttara er að hans áliti að lýsa víkingunum að hálfu leysi sem kaupmönnum og að hálfu leyti sem ræningjum.

Það er British Council og háskólarnir í Aberdeen, Leeds, Hull og Sheffield sem gangast fyrir þessu 4. víkingamóti, en síðast var það haldið í Reykjavík fyrir fimm árum og þótti takast mjög vel. Fyrsta víkingamótið var haldið í Lerwick á Hjaltlandi árið 1950 og annað víkingamótið var haldið í Björgvin í Noregi.

ÓPRJÓTANDI EFNI

Til víkingamóta er boðið sagnfræðingum, þjóðminjafræðingum, málfræðingum og menningarfræðingum frá háskólum þeirra landa, sem höfðu verið viðriðin vesturvík- ing, þ.e.a.s. fulltrúum Íslands, Færeyja, Danmerkur, Svíþjóðar, Noregs og Bretlands. — Á þessum mótum kynnast fræðimenn, geta spurt hvorn annan og lagt eitthvað til málanna

um ýmis efni frá tímum víkinganna, en þau eru óprjótandi, enda miklar rannsóknir gerðar og alltaf eitthvað nýtt að koma fram að því er próf. Einar Ól. Sveinsson tjáði blaðinu í gær.

Aðeins tveir Íslendingar eru á víkingamótinu í Jörvík að þessu sinni, Kristján Eldjárn þjóðminjavörður og Jón Steffensen, prófessor, sem mikið hefur skrifað um beinafundi. Próf. Einar Ól. Sveinssyni, sem tók þátt í fyrsta víkingamótinu, var einnig boðið, en hann gat ekki farið sökum anna.

HARÐORÐ MÓTMÆLI

Í dönsku blaði sjáum við hörð mótmæli frá reiðum lesanda við „smjaurlegri lýsingu hálarðs manns“ (Simpson) á víkingunum. Lesandinn segir, að víkingarnir hafi verið hermenn og sjómenn, öflugt við Englendinga, sem voru á þeim tíma bændur, enda lærðu þeir skipasmíði og siglingalist af víkingum og sigling Framhald á 11 síðu.

DAMA Í STAKK!

★ Á TÍZKU-sýningunni, sem haldin var í sambandi við Reykjavíkurbýskynninguna var þessi nýkærlegi „stakkur“ fyrir dómur sýndur. Það er Þurður Magnúsdóttir, sem sýnir. Stakkar þessir eru framleiddir af „Sportver“ en Margrét Árnadóttir veitir því fyrirtæki forstöðu. — Stakkarnir eru ofnir úr íslenskri ull hjá Álafossi. — Ásgerður Búadóttir teiknaði munstrin en Dýrleif Árnadóttir teiknaði sniðið. Á tízkusýningunni voru einnig sýndir nýir sundbolir frá Sportver. Eru þeir samkvæmt nýjustu tízku, mjög flegnir í hakið, og úr litskrúðugu efni. (Ljós-: Vignir).

Togurum Breta fækkar

TOGARAFLOTI Breta minnkaði á síðasta ári. Á árinu lögðu Bretar 16 kolatogurum og þrem olíutogurum. Hins vegar bættust 8 diesel togarar við brezka togarflokkann á árinu.

Þessar upplýsingar er að finna í ársskýrslu brezka togarasambandsins, þar sem tal að er um „vonbrigðarár“. Þar segir, að árið hafi einkennst af mistökum ráðstefnunnar í Genf um lög á hafinu og samkomulagi Breta við Íslendinga og Norðrænn, en því er bætt við, að þótt togarar, sem veiða á fjarlægum miðum, hafi orðið fyrir barðinu á þessu hafi ró fæzt yfir brezkan fiskiðnað.

Viðleitni sambandsins að skapa sameiginlegan fiski-markað Vestur-Evrópu er fagnad.

Í árslok 1960 var togaraeign Breta sem hér segir: 21 kolatogari, 177 olíuknúnr togarar og 26 diesel eða túrbínutogarar. Alls eru togarar Breta 224 talsins.

Minningarspjöld
S. J. B. S.